

Kennsluáætlun í stærðfræði

6. bekkur

2018 - 2019

Kennarar: Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Ríkharð Bjarni Snorrason

Vikustundir: 6 kennslustundir viku.

Námsefni : Stika 2a, nemendabók og æfingahefti. Aukaefni frá kennara.

Kennslutilhögun: Nemendum er kennt í einum hóp.

Almennt :

Námsefni vetrarins er skipt upp í fimm námsþætti í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla. Sumum námsþáttum er skipt í 2-3 lotur í takt við námsefnið svo oturnar verða alls 8 eins og kaflar Stikubókanna. Námsefni hverrar lotu er skipt í dæmaskammta.

Helstu hæfniviðmið fyrir Tölur og reikning, nemandi getur:

- unnið með jákvæðar og neikvæðar heilar tölur og tugabrot, raðar í stærðarröð og bornar saman.
- unnið með tugakerfisrithátt og geti sýnt að hann skilur sætiskerfið t.d. þegar kemur að því að taka til láns og geyma í frádrætti og samlagningu.
- reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með jákvæðum og neikvæðum heilum tölum og tugabrotum.
- tekið þátt í að þróa aðferðir við reikning sem byggja á skilningi viðfangsefnis og verkefnum tengdum daglegu lífi t.d. með hugareikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
- nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar víxlreglu, tengireglu og dreifireglu.

Helstu hæfniviðmið fyrir Algebra, nemandi getur:

- rannsakað talnamynstur á skipulegan hátt og spáð fyrir um næstu myndir og tölur.
- unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og tengslum þeirra við tölur, myndir, orð og táknmál algebrunnar.
- unnið með hnit í hnitakerfi

Helstu hæfniviðmið fyrir Hlutföll og prósentur, nemandi getur:

- skráð hlutföll og brot á ólíka vegu
- breytt milli almennra brota, tugabrota og prósentu og skilur tengslin þar á milli
- notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum

Helstu hæfniviðmið fyrir Rúmfræði, nemandi getur:

- notað undistöðuhugtök rúmfræðinnar og þekkir heiti helstu form tvívíðara og þrívíðara hluta og einkenni þeirra.
- teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir
- notað flutning og þekkir mununn á milli hliðrunar, speglunar og snúnings og geti fundið speglunarása í myndum.
- nýtt sér einslögun í tengslum við teikningar og hefur rannsakað með hvaða formum er hægt að þekja flöt.
- mælt horn með gráðuboga og þekki muninn á réttu, gleiðu og hvössu horni.
- fundið hornasummu þríhyrninga og nýtt sér þá þekkingu td. með því að finna stærð óþekkt horn í þríhyrningi.
- getur mælt þyngd, hitastig, ummál, lengd, flöt og rúmmál með viðeigandi mælikvarða og getur breytt milli helstu mælieininga.

Helstu hæfniviðmið fyrir Tölfræði og líkindi, nemandi getur:

- safnað gögnum og framkvæmt einfaldar tölfræðirannsóknir, unnið og lesið úr og rætt niðurstöður.
- sett upp töflur og myndrit og lesið úr einföldum myndritum.

Lykilhæfni:

Nemendur eru einnig metnir út frá lykilhæfni aðalnámskrár og leggur skólinn áherslu á vönduð vinnubrögð, jákvæð samskipti og ábyrgð nemenda á eigin námi.

Í upphafi lotu fær nemandi dæmaskammt fyrir hverja lotu. Vikulega eiga nemendur að klára að lágmarki feitletruð dæmi á dæmaskammti en þeir eru þó jafnframt hvattir til að reyna að klára allan dæmaskammtinn.

Tímabil	Yfirferð námsefnis	Kennsluaðferðir
Ágúst – september	Tölur og talnareikningur A – 5 vikur 1. lota – 1.kafla Tölur og reikningur. Unnið er könnunarverkefni í lok hverrar lotu, til að fylgjast með námsframvindu nemenda.	Unnið er samkvæmt dæmaskammti úr hverri lotu. Vikulega eiga nemendur að klára að lágmarki feitletruð dæmi á dæmaskammti en þeir eru þó jafnframt hvattir til að reyna að klára allan dæmaskammtinn.
September - október	Tölfræði – 3 vikur 2. lota – 2. kafla Líkur. Unnið er könnunarverkefni í lok hverrar lotu, til að fylgjast með námsframvindu nemenda.	

Nóvember	<p>Tölur og talnareikningur B – 4 vikur.</p> <p>3. lota – 3. kafli Tugabrot</p> <p>Unnið er könnunarverkefni í lok hvernar lotu, til að fylgjast með námsframvindu hvers nemenda.</p>	
Desember - janúar	<p>Rúmfræði A – 4 vikur</p> <p>4. lota – 4. kafli Rúmfræði</p> <p>Unnið er könnunarverkefni í lok hvernar lotu, til að fylgjast með námsframvindu nemenda.</p>	
Janúar - febrúar	<p>Rúmfræði B – 4 vikur</p> <p>5. lota – 5. kafli Mælingar</p> <p>Unnið er könnunarverkefni í lok hvernar lotu, til að fylgjast með námsframvindu nemenda.</p>	
Febrúar - mars	Hlutföll og prósentur	